

Kjölur lífeyrissjóður
Ársreikningur 2009

Kjölur lífeyrissjóður
Austurstræti 11
155 Reykjavík

Kt. 430269-6079

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar sjóðsins	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar sjóðsins

Kjölur lífeyrissjóður er samtrygginarsjóður. Á árinu 2007 sameinuðust fimm lífeyrissjóðir, þ.e. Lífeyrissjóður Mjólkursamsölnunnar, Eftirlaunasjóður Olíuverslunar Íslands, Lífeyrissjóður flugvirkja, Lífeyrissjóður starfsmanna áburðarverksmiðjunnar og Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands, deild I, í einn sjóð sem fékk nafnið Kjölur lífeyrissjóður. Staðfesting frá Fjármálaráðuneytinu fékkst á miðju ári 2007 og voru réttindi sjóðfélaga aukin miðað við stöðu sjóðanna þá.

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 574 millj. kr., sem er 3,0% hækkun frá fyrra ári. Á árinu fengu 884 sjóðfélagar greiddan lífeyri. Sjóðurinn er lokaður og því voru engar iðgjaldagreiðslur frá sjóðfélögum á árinu.

Engir starfsmenn voru hjá sjóðnum á árinu 2009. NBI hf. annaðist rekstur hans og er framkvæmdarstjóri sjóðsins starfsmaður bankans. Kostnaður við rekstur sjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi við NBI hf. á árinu var 5,2 millj. kr.

Þann 17. mars 2009 var sjóðinum skipaður umsjónaraðili af Fjármálaráðuneytinu vegna rannsóknar sérstaks saksóknara á meintum brotum sjóðsins á lögum nr. 129/1997 um lífeyrissjóði. Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins véku frá störfum á meðan. Sjóðinum var skilað aftur til réttkjörinnar stjórnar og framkvæmdastjóra þann 1. júlí 2009, án athugasemda. Engin niðurstaða er komin í rannsókn sérstaks saksóknara, engar kærur hafa verið birtar og engin stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hefur stöðu grunaðs í málinu. Kostnaður sjóðsins vegna skipunar umsjónaraðila var 1,8 millj. kr.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 8.036 millj. kr. í árslok 2009. Á árinu hækkaði hún um 31 millj. kr. eða um 0,4%. Hrein raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins miðað við vísitölu neysluverðs var neikvæð um 0,8%. Samkvæmt útreikningum tryggingafræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu skuldbindingar sjóðsins 10.871 millj. kr. miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti nema þær 8.380 millj. kr. eða 21,8% lægri fjárhæð en skuldbindingar sjóðsins.

Ef meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga eftir tryggingafræðilega úttekt er lífeyrissjóði skylt samkvæmt lögum nr. 129/1997 að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum til þess að rétta stöðu sjóðsins. Tímabundið undanþágúakvæði er nú í lögum nr. 129/1997 um að sá munur megi vera 15%. Ekki er réttlætjanlegt gagnvart sjóðfélögum sem eiga áunnen réttindi í sjóðinum að viðvarandi halli sé milli eigna og skuldbindinga. Stjórn sjóðsins mun því leggja fram tillögu á ársfundi sjóðsins, að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings, um að lífeyrisréttindi sjóðfélaga verði lækkuð.


Neikvæða ávöxtun sjóðsins á árinu 2009 má rekja til niðurfærslu skuldbréfa fyrirtækja og sparisjóða í eigu sjóðsins. Niðurfærslur einstakra skuldabréfa og gengistap vegna fyrirtækjaskuldabréfasjóðs var samtals 338 milljónir á árinu, eða 4,2 % af hreinni eign sjóðsins í árslok.

Stærstur hluti eigna sjóðsins er nú fjárfestur í ríkistryggðum innlánum og skuldabréfum með ríkisábyrgð.




Stjórn og framkvæmdastjóri Kjalar lífeyrissjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. apríl 2010.

Stjórn:



Framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Kjarar lífeyrissjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjarar lífeyrissjóðs fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 21. apríl 2010.

KPMG hf.



Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Iðgjöld:			
Réttindaflutningur		(540)	(601)
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	5	7.073	4.327
		<u>6.533</u>	<u>3.726</u>
Lífeyrir:			
Lífeyrir	6,12	574.213	557.705
Umsjónarnefnd eftirlauna		(4)	(676)
		<u>574.209</u>	<u>557.029</u>
Fjárfestingartekjur:			
Tekjur af eignarhlutum	7	668	7.786
Vaxtatekjur og gengismunur	8,13	682.874	584
Niðurfærsla verðbréfa	19	(66.975)	(1.562.814)
		<u>616.566</u>	<u>(1.554.444)</u>
Fjárfestingargjöld:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	14	10.775	6.735
Vaxtagjöld		182	200
Önnur fjárfestingargjöld		1.517	633
	10	<u>12.474</u>	<u>7.568</u>
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	10,14-15	5.307	3.317
Hækkun (lækkun) á hreinni eign á árinu		31.109	(2.118.632)
Hrein eign frá fyrra ári		8.004.988	10.123.620
		<u>8.036.097</u>	<u>8.004.988</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>8.036.097</u>	<u>8.004.988</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
Fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum		1.571.598	4.361.031
Verðbréf með föstum tekjum		4.666.896	1.348.819
Veðlán		51.464	58.544
Bundin innlán		1.644.962	2.151.527
	9,16-21	<u>7.934.921</u>	<u>7.919.920</u>
Kröfur:			
Ýmsar kröfur		<u>35.730</u>	<u>97.973</u>
Aðrar eignir:			
Sjóður og veltiinnlán		<u>82.598</u>	<u>59.171</u>
	Eignir samtals	<u>8.053.248</u>	<u>8.077.064</u>
Skuldir:			
Fyrirfram innheimtar tekjur		5.250	5.554
Ýmsar skuldir	22	<u>11.901</u>	<u>66.522</u>
		<u>17.151</u>	<u>72.076</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u><u>8.036.097</u></u>	<u><u>8.004.988</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Inngreiðslur:			
Fjárfestingartekjur		368.274	185.297
Afborganir verðbréfa		248.376	309.867
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		3.309.117	8.443.779
Seld verðbréf með föstum tekjum		359.592	368.263
Bundin innlán		535.734	0
		<u>4.821.092</u>	<u>9.307.205</u>
Útgreiðslur:			
Lífeyrir		570.058	555.424
Fjárfestingargjöld		182	200
Rekstrarkostnaður		17.418	10.397
		<u>587.658</u>	<u>566.021</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		4.233.434	8.741.185
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		468.051	6.113.727
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		3.741.956	488.692
Bundin innlán		0	2.151.527
		<u>4.210.007</u>	<u>8.753.946</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum		23.426	(12.761)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>59.171</u>	<u>71.932</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>82.598</u>	<u>59.171</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Kjölur lífeyrissjóður er samtryggingarsjóður sem varð til á árinu 2007 við samruna fimm lífeyrissjóða, þ.e. Lífeyrissjóðs Mjólkursamsölnunnar, Eftirlaunasjóðs Olíuverslunar Íslands, Lífeyrissjóðs flugvirkja, Lífeyrissjóðs starfsmanna áburðarverksmiðjunnar og Lífeyrissjóðs Eimskipafélags Íslands, deild I. Staðfesting frá Fjármálaráðuneytinu fékkst á miðju ári 2007 og voru réttindi sjóðfélaga aukin miðað við stöðu sjóðanna þá.

Sjóðurinn er lokaður fyrir nýjum sjóðfélögum og tekur ekki við nýjum iðgjöldum.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, afleiðutengd skuldabréf og afleiðusamningar um hlutabréf og gjaldmiðla eru færðir á markaðsverði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þús. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri samþykktu ársreikninginn þann 21. apríl 2010.

2. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

5. Iðgjöld

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

6. Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, þ.e. ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir og greiðslur frá Umsjónarnefnd eftirlauna, en nefndin annast greiðslur til þeirra sem fæddir eru fyrir 1914 og eiga því mjög lítil réttindi í almenna lífeyrissjóðakerfinu.

7. Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga í gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

8. Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af veltiinnlánnum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

9. Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé.

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Hlutdeildarskírteini og aðrir eignarhlutar í sjóðum um sameiginlegar fjárfestingar eru færðar á markaðsverði hvort sem um er að ræða skráð eða óskráð bréf.

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup. Verðbréf með föstum tekjum sem hafa tiltekna vaxtamiðun eru eignfærð miðað við stöðu á undirliggjandi eignum sem mynda vaxtaviðmiðið.

Veðlán eru eignfærð miðað við þá vaxtaviðmiðun sem fram kemur á viðkomandi skuldabréfaláni.

Verðbréfasafn sjóðsins er yfirfarið reglulega til að meta hvort virði óskráðra eigna hafi rýrnað. Við matið eru sérstakar áhættur metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim eignum sem kunna að tapast. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi frá einstökum verðbréfum eða safni verðbréfa áður en lækkunin verður merkjanleg á einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðar sjóðstreymi.

10. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskiilaðferða

11. Verðbréf með föstum og breytilegum tekjum

Við fall bankanna í október 2008 varð markaður með innlend skuldabréf nánast óvirkur hvað varðar önnur bréf en ríkisskuldabréf. Útgefendur ýmissa skráðra skuldabréfaflokka hafa verið teknir til gjaldprotaskipta, aðrir hafa óskað eftir greiðslustöðvun og nokkrir hafa óskað eftir frestun á greiðslu afborgana og vaxta. Vegna þessa voru verðbréf sjóðsins verið færð niður um 1.563 millj. kr. á árinu 2008. Á árinu 2009 nam gjaldfærsla vegna þessara bréfa 67 millj. kr. Samtals hafa því verið gjaldfærðar 1.630 millj. kr. vegna áætlaðra tapa á skuldabréfum fyrirtækja og fjármálastofnana þessi tvö ár. Takmarkaðar upplýsingar eru fyrir hendi í sumum tilvikum um þessar eignir og óvissan um raunverulegt verðmæti þeirra því meiri en ella. Endanleg niðurstaða um verðmæti þessara verðbréfa kann því að verða önnur en gert er ráð fyrir í þessum ársreikningi, þrátt fyrir að stuðst sé við bestu fáanlegu upplýsingar.

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í fagfjárfestastjóðum Landsvaka hf., Landsbanki Mezzanine Fund I og Landsbanki Mezzanine Fund II. Sjóðirnir tóku þátt í sambankalánum með Landsbanka Íslands hf. Eftir hrun bankans í október 2008 telur slitastjórn bankans óvissu ríkja um eignarréttarlega stöðu sjóðanna hvað varðar hlutdeild þeirra í einstökum lánnum. Bankinn hefur ekki greitt sjóðunum hlutdeild þeirra í innheimtum afborgunum og vöxtum, eins og sjóðirnir telja ótvírætt að eigi að gera samkvæmt samningum. Óvissa ríkir því um verðmæti þessara eigna, sem bókfærðar eru á 324 millj. kr. í árslok 2009. Ekki hefur verið færð niðurfærsla vegna þessa. Landsvaki hf. mun höfða mál til að fá staðfesta eignarréttarlega stöðu sína.

Skýringar, frh.:

Lífeyrir

	2009	2008
12. Greiddur lífeyrir:		
Ellilífeyrir	420.116	397.286
Makalífeyrir	118.563	121.078
Örorkulífeyrir	35.347	39.063
Barnalífeyrir	186	278
	<u>574.213</u>	<u>557.705</u>

Fjárfestingatekjur

13. Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:		
Skuldabréf	461.984	226.740
Hlutdeildarskírteini	(41.987)	(207.457)
Skiptasamningar	0	(67.881)
Aðrar vaxtatekjur	262.877	49.183
	<u>682.874</u>	<u>584</u>

Rekstrarkostnaður

14. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:		
Umsýsluþóknun	5.231	4.815
Endurskoðun	2.183	1.083
Tryggingafræðingur	1.988	1.866
Árgjald LL	192	311
Fjármálaeftirlitið	2.351	1.467
Stjórnarlaun og launatengd gjöld	927	456
Kostnaður vegna umsjónaraðila	1.823	0
Lögfræðikostnaður	1.008	0
Annar kostnaður	378	55
	<u>16.082</u>	<u>10.052</u>
Fært á fjárfestingagjöld	(10.775)	(6.735)
	<u>5.307</u>	<u>3.317</u>

Laun stjórnarmanna á árinu sundurliðast þannig:

Hálf dán Hermannsson, formaður stjórnar	120	60
Haraldur Haraldsson, fyrrverandi formaður stjórnar	120	60
Bjarni Þórðarson	120	50
Georg Árnason	120	40
Gunnar Jónsson	120	60
Ingi Stefán Ólafsson	120	40
Kristján Tryggvason	100	60
Einar Marinósson	0	20
Gunnar Páll Pálsson	0	20
	<u>820</u>	<u>410</u>

15. Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:

Endurskoðun og gerð ársreiknings	1.747	866
Gerð reikningsskila og önnur þjónusta	437	217
	<u>2.183</u>	<u>1.083</u>

Skýringar, frh.:

Fjárfestingar

	2009	2008
16. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:		
Eignarhlutir í öðrum félögum:		
Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf.	0	826
Marel hf.	0	757
Stáltak hf. (óskráð)	119	119
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf. (óskráð)	49	49
Stoðir hf. (óskráð)	3.656	0
Eimskipafélag Íslands hf. (óskráð)	7.287	0
Óskráð erlend hlutafélög	0	15.655
	<u>11.111</u>	<u>17.406</u>
Hlutdeildarskírteini:		
Innlendir sjóðir með skuldabréfum	1.310.490	3.511.375
Innlendir sjóðir með hlutabréfum	0	44.848
Erlendir sjóðir með skuldabréfum	64.486	15.655
Erlendir sjóðir með hlutabréfum	185.510	771.746
	<u>1.560.487</u>	<u>4.343.624</u>
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals	<u>1.571.598</u>	<u>4.361.031</u>
17. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:		
Skuldabréf með ríkisábyrgð	3.841.376	817.228
Skuldabréf sveitarfélaga	233.335	59.371
Skuldabréf lánastofnana	128.179	127.222
Skuldabréf fyrirtækja	464.006	344.998
	<u>4.666.896</u>	<u>1.348.819</u>
18. Veðlán greinast þannig:		
Lán til sjóðfélaga	51.464	58.544
19. Niðurfærsla verðbréfa greinist þannig:		
Niðurfærsla í ársbyrjun	1.566.922	4.108
Endanlega tapað	(1.475.132)	0
Niðurfærsla ársins	66.975	1.562.814
Niðurfærsla í árslok	<u>158.765</u>	<u>1.566.922</u>
Niðurfærslan skiptist þannig:		
Innlendum sjóðum með skuldabréf fyrirtækja	0	1.369.830
Erlend hlutdeildarskírteini	0	2.416
Skuldabréf fyrirtækja	16.309	114.830
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	142.456	79.846
Niðurfærsla samtals.....	<u>158.765</u>	<u>1.566.922</u>

Skýringar, frh.:

20. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	844.233	727.365	1.571.598
Verðbréf með föstum tekjum	4.666.896	0	4.666.896
Veðlán	51.464	0	51.464
Bundin innlán	1.644.962	0	1.644.962
Samtals	<u>7.207.556</u>	<u>727.365</u>	<u>7.934.921</u>

Fjárfestingar í erlendum gjaldmiðlum sundurliðast eftir uppgjörsmýnt verðbréfasjóða sem hér segir:

USD	98.032
EUR	305.791
GBP	323.542
Fjárfestingar í erlendum gjaldmiðlum samtals	<u>727.365</u>

Það er stefna sjóðsins og hluti af áhættustýringu hans að eiga vel dreift eignasafn, sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu. Sjóðurinn hefur í samræmi við heimildir í lögum ávaxtað hluta af eignum sínum í erlendum verðbréfum í því skyni að dreifa fjárfestingaráhættu sinni. Samkvæmt lögum mega erlendar fjárfestingar sjóðsins vera allt að 50% af heildareignum. Það er stefna sjóðsins að takmarka gjaldmiðlaáhættu sína af erlendu eignunum með gerð afleiðusamninga.

Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2009 727 millj. kr. og býr sjóðurinn við gengisáhættu sem því nemur. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum mundu eignir sjóðsins, að öðru óbreyttu, lækka um 73 millj. kr. Vegna stöðu fjármálamarkaða hér á landi og gjaldeyrishafta er sjóðnum nú ómögulegt að verjast gengisáhættu með gerð afleiðusamninga.

21. Ávöxtun

Ávöxtun einstakra verðbréfaflokka á árinu 2009, þegar tekið hefur verið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum:

	Raunávöxtun	Viðmið*
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	5,3%	4,6%
Skuldabréf sveitarfélaga	4,8%	4,6%
Innlán banka og sparisjóða	5,0%	4,6%
Skuldabréf og vixlar fyrirtækja	(28,2%)	4,6%
Hlutabréf, innlend	(12,0%)	(31,1%)

*Viðmið:

Blandað skuldabréfaviðmið sjóðsins.

Hlutabréfavisitala Kauphallar Íslands.

Skuldir

22. Ýmsar skuldir greinast þannig:

	2009	2008
Óupgerð viðskipti	0	48.404
Áfallin gjöld vegna framvirkra samninga	0	4.320
Aðrar skuldir	11.901	13.798
	<u>11.901</u>	<u>66.522</u>

Skýringar, frh.:

Skuldbindingar

23. Lífeyrisskuldbinding

Gerð hefur verið tryggingafræðileg áætlun um fjárhagsstöðu sjóðsins miðað við árslok 2009. Samkvæmt henni námu skuldbindingar sjóðsins 10.710 millj. kr. miðað við 3,5% ársvexti, en í árslok 2009 nam endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris 8.380 millj. kr. Skuldbinding sjóðsins greinist þannig:

Eignir:

Hrein eign til greiðslu lífeyris	8.036.097
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti	561.241
Fjárfestingargjöld	(217.405)
Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris	<u>8.379.933</u>

Skuldbindingar:

Ellilífeyrir	7.958.003
Makalífeyrir	2.224.213
Örorkulífeyrir	412.279
Barnalífeyrir	299
Dánarbætur	8.072
Rekstrarkostnaður	107.075
	<u>10.709.941</u>

Skuldbindingar umfram eignir (2.330.008)

Í hlutfalli af skuldbindingum (21,8%)

Í tryggingafræðilegri úttekt er ekki tekið tillit til sérstaks framlags til jöfnunar örorkubyrði skv. lögum nr. 177/2006. Núgildandi lög og reglugerðir hafa ekki tekið á því hvort eða hvernig taka eigi tillit til þessa framlags í tryggingafræðilegum athugunum og ekki eru ákvæði í samþykktum Kjalar lífeyrissjóðs um hvaða áhrif framlagið eigi að hafa á réttindi sjóðfélaga.

Skýringar, frh.:

24. Kennitölur

Sjóðurinn er lokaður fyrir almennum iðgjaldagreiðslum. Vegna þess eru ekki birtar kennitölur fyrir lífeyrisbyrði, kostnað í hlutfalli af iðgjöldum, kostnað á hvern virkan sjóðfélaga og fjölda virkra sjóðfélaga eins og gert er ráð fyrir í reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða. Ávöxtun sem sýnd er fyrir árin 2005 og 2006 er meðalávöxtun þeirra sjóða sem sameinuðust.

	2009	2008	2007	2006	2005
Raunávöxtun	(0,8%)	(27,7%)	3,1%		
Hrein raunávöxtun	(0,8%)	(27,7%)	3,1%	6,4%	10,3%
Hrein nafnávöxtun	7,8%	(15,9%)	9,2%		
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðastliðin fimm ár	(2,8%)	(0,5%)	7,9%	8,3%	7,0%
síðastliðin tíu ár	0,9%	2,1%	6,4%		
Rekstrarkostnaður					
Í hlutfalli af eignum	0,07%	0,04%	0,04%		
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	19,7%	54,9%	69,4%		
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	0,1%	0,2%	14,2%		
Skráð verðbréf með föstum tekjum	58,8%	16,9%	12,4%		
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	0,0%	0,2%	3,4%		
Veðlán, óskráð	0,7%	0,7%	0,6%		
Bundin innlán	20,7%	27,2%	0,0%		
Fjárfestingar:					
Eignir í íslenskum krónum	90,8%	86,8%	85,2%		
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	9,2%	13,2%	14,8%		
Fjöldi lífeyrisþega	884	796	772		
Fjöldi réttihafa	4.785				
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	73,2%	71,0%	72,7%		
Örorkulífeyrir	20,6%	21,9%	6,0%		
Makalífeyrir	6,2%	7,1%	21,2%		
Barnalífeyrir	0,0%	0,1%	0,1%		
Fjárhagsstaða samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildar-skuldbindingar	(21,8%)	(30,5%)	0,1%		
Skilgreiningar:					
Hrein raunávöxtun	Raunávöxtun þegar kostnaður við rekstur sjóðsins hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum.				
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar	Meðaltal hreinnar raunávöxtunar á fimm og tíu ára tímabili.				
Kostnaður í hlutfalli af eignum	Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðaltali hreinnar eignar í ársbyrjun og árslok.				
Fjöldi lífeyrisþega	Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á reikningsárinu.				